



Albarn, Wagner, ung- barnaleikhús, Crumb ...

● Mikill fjölbreytileiki einkennir dagskrá Listahátíðar

Eins og greint hefur verið frá verður Listahátíð í Reykjavík haldin í ár og fimmtíu ára afmæli hennar fagnað með fjölbreytilegum viðburðum. Vegna kórónuveirufaraldursins mun hátíðin þó ekki standa yfir í nokkrar vikur í júní, heldur munu viðburðir verða settir upp og kynntir út eftir árinu og mögulega fram á hið næsta.

Dagskrána má nú alla skoða á vef Listahátíðar, án dagsetninga, og býðst þeim sem áhuga hafa á að fylgjast með því hvenær hinir ýmsu viðburðir verða settir á dagskrá að skrá sig þar á póstlista. Hér er stiklað á stóru yfir margt það helsta.

Margbreytileg tónlist

Breski tónlistarmaðurinn Damon Albarn flytur ásamt hljómsveit í Eldborgarsal Hörpu nýjasta verk sitt *The Nearer the Fountain, More Pure the Stream Flows*. Albarn hefur verið tíður gestur hér á landi er verkið samið út frá íslenskri náttúru.

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan taka höndum saman um flutning *Valkyrkju* Richards Wagner, eins af meistaraverkum tónlistarinnar á 19. öld. Christine Goerke fer með hlutverk Brynhildar og Ólafur Kjartan Sigurðarson með hlutverk Wotans. Hljómsveitinni stjórnar Alexander Vedernikov.

Í Eldborg heldur Víkingur Heiðar Ólafsson einnig einleikstónleika og flytur fyrir hlé rómaðar útgáfu sínar af verkum efr Rameau og Debussy, og eftir hlé *Myndir á sýningu* eftir Mussorgsky, í umritun Vladimirs Horowitz og hans sjálfs.

Í stjórnuveri Perlunnar verður flutt verk sem hefur hlotið mikið lof í Bandaríkjunum, *Enigma*, nýr strengjakvartett Önnu Porvaldsdóttur sem Spektral Quartet flytur, ásamt vídeoverki eftir Sigurð Guðjónsson. Í Kaldalóni í Hörpu mætast fjórir djasspíanóleikarar í dagskránni *Dominia Convo*, þær Sunna Gunnlaugsdóttir, Rita Marcutulli, Myra Melford og Julia Hülsmann, og leika saman á tvo flygla.

Í Norðurljósalunum verða tón-



Vinsælir Yfirlitssýning verður á verkum Gilbert & George í Hafnarhúsinu.

leikar Gyðu Valtýsdóttur, handhafa Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, *Epicycle*, og á sama stað verður dagskráin *LVB250* þar sem Beethoven verður hylltur í tilefni af 250 ára fæðingaráfmæli.

Í Iðnó mun Tinna Þorsteinsdóttir á tónleikunum *Makrokosmos* flyta samnefnt verk eftir George Crumb, og í Í Gamla bíói mæta Stuart Skelton & Le Grand Tango og flytja fjölbreytta tangótónlist.

Ólík myndlistarverk

Áhrifamikil sigurverk Fenejja-tvíæringsins í fyrra, hinn litháiski tónlistargjörningur *Sun & Sea (Marina)* sem fjallar um hnattræna hlýnun, verður flutt á tveimur dögum í porti Hafnarhússins.

Önnur sýning í Listasafni Reykjavíkur sem mun vekja athygi er *The Great Exhibition*, umfangsmikil yfirlitssýning á verkum hins heimsinna breska myndlistardúetts Gilbert & George. Í Hafnarhúsinu verður einnig sýningin *Í leit að töfrum – Tillaga að nýrri stjórnarskrá* fyrir lýðveldið Ísland, eftir Libiu Castro & Ólaf Ólafsson.

Í Listasafni Íslands verður sett

upp innsetning í gagnauknum veruleika, *Solastaglia*, eftir Antoine Vivaní og Pierre-Alain Giraud en að verkinu kemur alþjóðlegt teymi listamanna úr ýmsum greinum þar sem samtímalist og hljóðhönnun er teft saman til að skapa upplifun sem höfðar til allra skilningarvita.

Leikskýningar og útverk

Í Tjarnarbíó setur LaLaLab upp *Tréð*, leikskýningu fyrir börn um leitina að öruggum samastað. Þar verður einnig *Uppljómunargarðurinn* eftir Dalija Acin Thelander, skynjunar- og upplifunarsýning fyrir ung börn og fullorðna fylgdarmenn þeirra. Í Tjarnarbíói verður líka sýnt dansverk Ingu Huldar Hákonardóttur, *Again the Sunset*.

Í Borgarleikhúsinu þenja í verkinu *A Simple Space* sjö akróbatar út mörk hins mögulega í sýningu sem er samtímis hrá, tryllt og finleg. Verkefnið *Fjarvera* eftir Steinunni Hildigunni Knúts-Önnudóttur er af öðru tagi, sett upp á heimilum víðs vegar um borgina. Og loks má geta hollenska götuleikhússins Close-Act Theatre sem mun lita lífið í miðborginni einn daginn.